

Nr. 713

12. ágúst 2015

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

1. gr.

Við 1. viðauka við reglugerðina bætast töluliðir 8 til 13, sem birtir eru sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 12. ágúst 2015.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.

Fylgiskjal.

	8. Textíl-, leður-, timbur- og pappírsiðnaður	A	B	C
8.01	Verksmiðjur: i. sem framleiða pappírsdeig úr timbri eða svipuðum trefjaefnum, ii. sem framleiða pappír og pappa og geta framleitt meira en 200 tonn á dag.	X		
8.02	Verksmiðjur til framleiðslu á pappír og pappa utan þeirra sem tilgreind eru í flokki A samkvæmt tölulið 8.01.	X		
8.03	Stöðvar þar sem fram fer formeðferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinna) eða litun trefja eða textílefna.	X		
8.04	Stöðvar þar sem fram fer sútun á húðum og skinnum.	X		
8.05	Stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á sellulósa.	X		
	9. Gúmmíðnaður	A	B	C
9.01	Framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmilíki.	X		
	10. Grunnvirki	A	B	C
10.01	Mannvirkjagerð vegna þróunar iðnaðarsvæðis sem tekur til 50 ha eða stærra svæðis.	X		
10.02	Mannvirkjagerð vegna þróunar iðnaðarsvæðis sem tekur til allt að 50 ha svæðis.			X
10.03	Mannvirkjagerð vegna þróunar þéttbýlis, þ.m.t. verslunarmiðstöðvar, bílastæðasvæði, íþróttaleikvagnar, háskólar, sjúkrahús og aðrar sambærilegar framkvæmdir.	X		
10.04	Bygging samgöngumiðstöðva fyrir margþáttu samgöngustarfsemi.	X		
10.05	Flugvellir með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.	X		
10.06	Flugvellir með styttri en 2.100 m langa meginflugbraut.	X		
10.07	Nýir tveggja akreina vegir með framúrakstursrein og vegir með fjórar akreinar eða fleiri.	X		
10.08	Nýir vegir sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbrygging vega þar sem samanlögð nýlagning utan eldra vegsvæðis eða breikkun úr tveimur akreinum í fjórar er a.m.k. 10 km að lengd.	X		
10.09	Nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli. Nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Enduruppbrygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum.	X		
10.10	Nýir vegir og enduruppbrygging vega sem ekki eru tilgreindir í tölulið 10.07, 10.08 eða 10.09.			X
10.11	Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.	X		
10.12	Viðlegubryggjur (að undanskildum ferjulægjum) sem tengdar eru við land og eru utan hafna, þar sem skip stærri en 1.350 tonn geta lagst að til losunar og lestunar.	X		
10.13	Hafnir og viðlegubryggjur utan þéttbýlis á verndarsvæðum.	X		
10.14	Aðrar hafnir og viðlegubryggjur en tilgreindar eru í flokki A samkvæmt tölulið 10.12 eða flokki B samkvæmt tölulið 10.13.			X
10.15	Byggingarframkvæmdir við skipgengar vatnaleiðir og gerð skipaskurða og fráveisuskurða.	X		
10.16	Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni þar sem 3 km ² lands eða meira fara undir vatn eða rúmtak vatns er meira en 10 milljónir m ³ .	X		
10.17	Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum, utan þeirra sem tilgreind eru í tölulið 10.16.	X		
10.18	Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum, utan þeirra sem tilgreind eru í tölulið 10.16 og 10.17.			X
10.19	Lagning járnbrauta um langar vegalengdir.	X		
10.20	Járnbrautir, sporvagnar, lestir í lofti og neðanjarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til folksflutninga.		X	
10.21	Lagning áveitu- eða vatnsstokka um langan veg; loftlinur til flutnings raforku á verndarsvæðum; lagning niðurgrafinna strengja/lagna 10 km eða lengri utan þéttbýlis eða óháð vegalengd á verndarsvæðum. Lagning strengja/lagna í vatni/sjó 10 km eða lengri eða óháð vegalengd á verndarsvæðum.	X		

10.22	Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum á verndarsvæðum, t.d. með stíflugörðum, brim-brjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri. Undanskilið er viðhald og endurbygging framangreindra mannvirkja.	X	
10.23	Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum utan verndarsvæða, t.d. með stíflugörðum, brim-brjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er allt að 5 ha. Undanskilið er viðhald og endurbygging framangreindra mannvirkja.		X
10.24	Vinnsla grunnvatns eða íveita vatns í grunnvatn með 300 l/sek. meðalrennsli eða meira á ári.	X	
10.25	Vinnsla grunnvatns eða íveita vatns í grunnvatn sem ekki fellur undir flokk A, tölulið 10.24.		X
10.26	Mannvirkjagerð þegar fyrirhugað er að veita meira en 1.000 l/sek. af vatni á milli vatnasviða. Flutningur á drykkjarvatni í leiðslum er undanskilinn.	X	
10.27	Mannvirkjagerð þegar fyrirhugað er að veita vatni á milli vatnasviða sem ekki fellur undir flokk A, tölulið 10.26. Flutningur á drykkjarvatni í leiðslum er undanskilinn.		X

	11. Aðrar framkvæmdir	A	B	C
11.01	Kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki á svæðum sem skilgreind eru sem slík í skipulagi.		X	
11.02	Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndlud með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári.	X		
11.03	Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður og ekki eru tilgreindar í flokki A, tölulið 11.02.		X	
11.04	Skolphreinsivirkir frá íbúðarbyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þaulnýtnum landbúnaði með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.	X		
11.05	Skolphreinsivirkir frá íbúðarbyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þaulnýtnum landbúnaði með afkastagetu sem svarar til 100 persónueininga eða meira á verndarsvæðum, svæðum á náttúruminjaskrá eða þar sem losað er í viðkvæman viðtaka, að undanskildum þeim er tilgreind eru í flokki A, tölulið 11.04.		X	
11.06	Skolphreinsivirkir frá íbúðarbyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þaulnýtnum landbúnaði utan verndarsvæða, sem ekki eru tilgreindar í flokki A, tölulið 11.04, eða flokki B, tölulið 11.05.			X
11.07	Förgunarstöðvar fyrir seyrur á verndarsvæðum.		X	
11.08	Förgunarstöðvar fyrir seyrur utan verndarsvæða.			X
11.09	Geymsla brotajárns, þ.m.t. bílar, sem er að magni 1.500 tonn á ári eða meira.		X	
11.10	Geymsla brotajárns, þ.m.t. bílar, sem er að magni allt að 1.500 tonnum á ári.			X
11.11	Prófunaraðstaða fyrir vélar, hverfla eða hvarfrými.		X	
11.12	Stöðvar sem framleiða steinefnatrefjar.		X	
11.13	Stöðvar til að endurvinna sprengiefni eða eyða því.		X	
11.14	Förgun sláturúrgangs.		X	
11.15	Endurnýting úrgangs þar sem meðhöndlud eru meira en 500 tonn af úrgangi á ári.		X	
11.16	Varnargarðar til varnar ofanflóðum í þéttbýli.			X

	12. Ferðalög og tómstundir	A	B	C
12.01	Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar og tengdar framkvæmdir á skíðasvæðum á verndarsvæðum og jöklum.		X	
12.02	Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar á skíðasvæðum og tengdar framkvæmdir utan verndarsvæða og jöklum.			X
12.03	Smábáthafnir sem hafa 150 bátalægi eða fleiri.		X	
12.04	Smábáthafnir með allt að 150 bátalægi.			X
12.05	Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálandi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótel og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis.		X	
12.06	Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru 10 ha eða stærri.		X	
12.07	Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði allt að 10 ha.			X

12.08	Skemmtigarðar sem ná yfir 2 ha svæði eða meira.	X	
12.09	Skemmtigarðar sem ná yfir allt að 2 ha svæði.		X
12.10	Golfvellir.	X	

	13. Breytingar og viðbætur við framkvæmdir	A	B	C
13.01	Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A þegar breytingin eða viðbótin sjálf fer yfir þau viðmið sem flokkur A setur.	X		
13.02	Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir samkvæmt flokki A, aðrar en tilgreindar eru í tölulið 13.01, og flokki B sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.		X	
13.03	Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem eru í flokki C sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.			X
13.04	Framkvæmdir samkvæmt flokki A sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en tvö ár.		X	

B-deild – Útgáfud.: 13. ágúst 2015